

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Landspítala, 11. apríl 2016  
ÓB/ei Tilv. 40.13

**Efni: Umsögn Landspítala um þingsályktunartillögu um eflingu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE). Þingskjal 262 — 242. mál.**

Landspítali þakkar fyrir að fá tækifæri til þess að segja álit á ofangreindri þingsályktunartillögu.

Þegar á heildina er litið, er samstarf Landspítala og HVE með miklum ágætum. Ósjaldan hefur Landspítali þurft að leita til HVE á undanförunum misserum vegna erfiðleika við að koma sjúklingum fyrir, og hefur undantekningarlaust tekist gott samstarf um þau mál við framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga á HVE, þó svo að á þeim bæ sé enn verið að glíma við afleiðingar niðurskurðar, líkt og á Landspítala. Nokkurt samstarf hefur einnig verið varðandi læknaandídata og fyrirsjáanlegt að það samstarf aukist með nýrri reglugerð frá árinu 2015.

Í tillögunni er réttilega bent á hversu stutt vegalengdin er á milli stofnananna tveggja og hversu mikilvægt er að HVE geti, þó ekki væri nema að hluta til, verið varasjúkrahús fyrir Landspítala. Þetta er augljóslega mikilvægt út frá sjónarhóli almannaþarna, þó svo að allra sérhæfðustu verkefni Landspítala séu þess eðlis að þau verða ekki flutt til innanlands heldur mun ávallt þurfa að senda slíka sjúklinga til útlanda ef Landspítali getur ekki sinnt þeim. Landspítali leggur til að samvinna varðandi almennar skurðækningar og kvensjúkdóma- og fæðingar verði skoðuð sérstaklega og með nýjum hætti. Áður hefur tíðkast samstarf á milli þessara greina, en hér gefst tækifæri til þess að endurskoða þau mál og gera enn betur. Landspítali leggur einnig áherslu á að eiga fulltrúa í þeim starfshópi sem kveðið er á um í tillögunni, og telur að með því móti sé betur tryggt að markmið tillögunnar nái fram að ganga með farsælum hætti.

Virðingarfyllst,



Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga